

Ed.

337. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 66 7. maí 1940, um stríðsslysaftryggingu sjómanna.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Atvinnurekendum og öðrum þeim, er bera ábyrgð á því, að þeir séu tryggðir, sem tryggingarskyldir eru samkvæmt lögum nr. 74 31. des. 1937, skal skylt, auk hinnar lögboðnu tryggingar samkvæmt áður nefndum lögum, að kaupa sérstaka stríðstryggingu fyrir skipshafnir þær, sem sigla á svæðum þeim, sem ákveðin hafa verið samkvæmt 1. gr.

Tryggingu þá, er um ræðir í 1. mgr., skal kaupa hjá Stríðstryggingarfélagi íslenskra skipshafna, að svo miklu leyti sem það getur tekið hana að sér, að dómi stjórnar félagsins, annaðhvort á eigin ábyrgð eða með endurtryggingu, sé hún fáanleg. Nú er endurtrygging eigi fáanleg, og ábyrgist þá ríkissjóður bótagreiðslurnar.

2. gr.

Aftan við 3. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Auk þeirra trygginga, sem um ræðir í b- og c-lið 3. gr. laganna, er útgerðarmönnum farskipa skylt að tryggja alla skipverja fyrir jafnháum upphæðum og í tóðri lagagrein segir, og skal þeim varið til kaupa á árlegum lífeyri hjá viðurkenndum tryggingarfélögum til tryggða sjálfs eða þeirra aðstandenda hans, sem bæturnar eiga að hljóta. Þessi lífeyrir skal ekki skerða önnur effirlaun, er hlutaðeigandi kann að eiga rétt á.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir ósk félagsmálaráðherra og er fram komið til þess, að fullnægt verði ákvæðum í nýgerðum samningi á milli sjómannafélaganna og eigenda íslenskra farskipa, en þar var samið um þá auknu stríðstryggingu sjómanna, er ræðir um í 2. gr. frv.

Breytingar þær, er felast í 1. gr. frv. á núgildandi lögum, eru fram komnar eftir ósk stjórnar Stríðstryggingarfélags íslenskra skipshafna, og eru þær taldar nauðsynlegar vegna hinna auknu stríðstrygginga.

Að öðru leyti þarfnast frv. ekki frekari skýringa en þeirra, er fram kunna að koma í umræðum.